

**Nd.**

**310. Nefndarátt**

um frv. til laga um aðflutningsbann á ýmsum vörum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt um frumvarp þetta. Minni hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

**I. Við 1. gr.**

1. Við a. Fyrir »allar brauðtegundir« komi: Sætt kex og kökur.
2. — f. Staflidurinn orðist svo: Þurkuð aldini og vörur úr ávöxtum.
3. — g. Á eftir »brjóstsýkur« komi: konfekt, karamellur, lakrís, marsipan og annað efni til brjóstsýkurgerðar.
4. — i. a. Orðin »og höfuðföta« falli burt.  
b. Á eftir »tvistdúkar« komi: flonel, khaki.
5. — k. Liðurinn orðist svo: Viðhafnarskófátnaður.
6. — l. Á eftir »sápur« komi: nema blautsápa.
7. — m. Á eftir »stofugögn« komi: tilbúnar hurðir og gluggar, listar.
8. — o. Orðið »kvikmyndir« falli burt. Við bætist: erlendar sögubækur (Romaner).
9. — s. Fyrir »bifreiðar« komi: Fólksflutningsbifreiðar.

**10. Aftan við greinina komi ný málsgrein:**

Á meðan bannið gildir, getur þó ríkisstjórnin falið Landsverslun að flytja inn þær bannvörur, sem skortur kynni að verða á og ekki þykir hægt að komast af án.

**II. Við 3. gr.**

Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verði 4. gr., svo hljóðandi:

Óheimilt er að hækka verð á vörubirgðum þeim, er í landinu eru þegar lög þessi ganga í gildi, og sömuleiðis að selja erlendar vörur með hærri framfærslu fyrir verslunarkostnaði en minst er þörf á.

**III. Við 4. gr.**

Fyrir »stjórnarráðinu« komi: ríkisstjórninni.

Aftan við greinina bætist nýr málslitur:

Getur nefndin með samþykki stjórnarinnar sett algert sölubann á einstakar vörutegundir eða einstakar verslanir um tíma, hvenær sem er, ef kaupendum þykir vera ofþyngt með ósanngjörnu verði.

Alþingi, 4. apríl 1924.

Halldór Stefánsson,  
frsm.

Kl. Jónsson.

Jörundur Brynjólfsson.